



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík

85. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn á skrifstofu skólameistara miðvikudaginn 22. febrúar 1984, og hófst hann kl. 17. Fundinn sóttu skólanefndarmennirnir Gunnar Sveinsson, formaður, Bogi Hallgrímsson, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingi Gunnarsson (varamaður Halldórs Guðmundssonar), Ingimundur Guðnason og Ómar Bjarnþórsson - Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Gísli Torfason, fulltrúi kennara og Þórður Halldórsson, fulltrúi nemenda. - Í fjarveru Valtýs Guðjónssonar ritaði Bogi fundargerðina.

Þetta gerðist :

1. Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og lagði fram svohljóðandi dagskrá:

1. Reikningar skólans 1983
2. Stofnfjárframkvæmdir á árinu 1984
3. Tölvumál
4. Tilkynningar
5. Önnur mál

2. Formaður lagði fram reikninga skólans fyrir árið 1983.

Skólameistari upplýsti að þeir hafi verið sendir menntamálaráðuneytinu og sveitarfélögunum sem að skólanum standa.

Eftir að reikningarnir höfðu verið yfirfarnir, ræddir og skýrðir var þeim vísað til annarrar umræðu á næsta fundi.

Hreinn spurði skólameistara hvort hann gæti borið saman fjárhagsstöðu FS og annarra sambærilegra skóla.

Skólameistari og formaður skólanefndar skýrðu frá sameiginlegum fundi forráðamanna fjölbrautaskólanna á Akranesi, Suðurlandi og Suðurnesjum sem haldinn var í húsi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Háaleitisbraut í Reykjavík 2. febrúar s.l. Þar voru formenn skólanefnda, skólameistarar, aðstoðarskólameistarar og reikningshaldarar frá þessum skólum og báru saman bækur sínar. Kom þar fram að fjárhagsstaða skólanna er furðu svipuð og vandamál af líkum toga alls staðar. Upplýst var að fleiri slíkir fundir eru fyrirhugaðir.

3. Ingólfur Halldórsson lýsti framkvæmdum við lagfæringu á lóð skólans og sagði frá kostnaði þar að lútandi á síðastliðnu ári - og skýrði frá fyrirhuguðum framkvæmdum í samvinnu við Keflavíkurbæ á þessu ári. Áformað er að hefja þær í marslok, en ljúka þeim í maímánuði. Í umræðum sem spunnust um fjármögnun vegna þessa kom fram að framkvæmdir þessar teldust óhjákvæmilegar vegna væntanlegs landsmóts UMFÍ í Keflavík-Njarðvík næsta sumar. Skólameistari taldi ógerlegt að ráðstafa stofnfé skólans á þessu ári til þessara hluta; annaðhvort yrði að fá til þessa sérstaka fjárveitingu eða lán.

4. Skólameistari ræddi um nauðsynlega tölvuvæðingu skólans.

Hreinn Ásgrímsson sagði frá fundi sem fulltrúar FS og skólastjórar grunnskóla á Suðurnesjum áttu með Jóni Hjaltalín Magnússyni þar sem rætt var með hvaða hætti hyggilegast væri að byggja upp kennsluframkvæmd í þessum fræðum á svæðinu.

Skólameistari kvaðst hafa tilnefnt Hjálmar Árnason sem aðalfulltrúa FS í starfi þessu. Ákveðin var framhaldsumræða um tölvuvæðingu skólanna á næsta fundi, enda enda verði þá tiltækar haldbetri upplýsingar en fyrir lágu á fundinum.

5. Ingólfur Halldórsson lýsti tilhögun námskeiða sem skólinn stendur nú að í :

- a) bóklegu ökunámi þar sem nemendur eru
- b) verklegum greinum í netagerð þar sem nemendur eru
- c) faggreinum fyrir bíla- og húsamálara þar sem nemendur eru

Fyrirhuguð eru námskeið í skyndihjálp og fundasköpum, og samþykkt var að stefna að námskeiði í kælitækni.

6. Skólameistari lýsti fyrirkomulagi á starfdögum dagana

28. febrúar - 1. mars s.l. Kvað hann framkvæmdina hafa verið með sóma og betur hafi til tekist en nokkru sinni fyrr. Lauk hann miklu lofsorði á þá kennara og nemendur er skipulögðu og stóðu fyrir framkvæmdum. Væntanleg er sérstök skýrsla um tilhögun og þátttöku.

7. 7. Skólameistari dreifði ljósriti af niðurstöðum könnunar

sem raunvísindadeild Háskóla Íslands gerði á frammi-
stöðu fyrstaársnema frá öllum framhaldsskólum sem brautskrá stúdenta. Þar kemur fram að nemendur FS hafa yfirleitt staðið sig illa - öfugt við það sem gerst hefur í öðru háskólanámi þar sem nemendur héðan hafi spreytt sig. Skólameistari kvað brýna þörf á að bæta kennslu í stærðfræðigreiningu og sumum raungreinum.

8. Ingólfur kynnti bréf frá fjármáladeild menntamálaráðuneytis þar sem óskað er eftir skýringum á neikvæðri fjármálastöðu skólans. Hefur því ekki enn verið svarað.

Skólameistari vakti athygli á að kennslumagn væri innan þeirra marka sem hæfileg teldust að mati ráðuneytisstarfsmanna. Minnti hann á að skólanefndin hafi lagt ríka áherslu á að svo yrði á þessari önn ; aðstoðarskólameistari og áfangastjóri hefðu í hvívetna farið að óskum skólanefndarinnar og endanleg ákvörðun um kennsluskiptingu hefði verið tekin á fundi með fulltrúum nefndarinnar, Hreini og Ómari. Samt væri greiðslustaða neikvæð. Skólameistari taldi vonlaust að úr þessu rættist vegna þess hve fjárlög eru óraunhæf enda hafi hvorki ráðuneytisstarfsmenn né alþingi haft hliðsjón af tillögum skólanefndarinnar varðandi framlög til samrekstrarliða. Skólameistari kvað auðvelt að skera niður kennslumagn í miklu ríkara mæli en gert hafi verið en námsframboð yrði að því skapi naumara sem meira væri skorið. Skólameistari taldi einsýnt að nemendaflótti yrði frá skólanum nema námsframboð yrði aftur aukið. Hyrfu þá helst frá þeim sem mestri námshæfni eru gæddir.

9. Fulltrúi nemenda, Þórður Halldórsson, lagði fram tillögu um að að bæta þá aðstöðu sem bóksala nemenda hefði. Skólameistari staðfesti að hún væri slæm. Málinu var vísað til skólameistara og aðstoðarskólameistara.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið

Bogi Hallgrímsson
skráði fundargerðina

Síðari hluti 8. liðs (Skólameistari vakti.... - .. eru gæddir)
er þó viðbót - samin af skólameistara.